




29.10.2021

Gagnvirkar hraðahindranir


Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar



Gagnvirkar hraðahindranir (e. active speed bumps)

Kynning frá sænska fyrirtækinu Edeva

Karin Wiklund kynnti búnaðinn á NVF
ráðstefnu um umferðaröryggismál



→ Rannsóknarverkefni:


- Hvernig virkar þessi lausn og möguleg staðsetning á Íslandi?

Gagnvirkar hraðahindranir


- Kerfi sem ræsist og myndar hraðahindrun sé ökutæki ekið of hratt
- Ökumenn sem aka of hratt finna fyrir hraðahindruninni
 - „Áminning“ um að ekið sé of hratt
- Ökumenn sem aka á löglegum hraða finna ekki fyrir hraðahindruninni
 - „Umbun“ fyrir að aka á löglegum hraða

Búnaðurinn

- Skynjari (R): Mælir hraða ökutækja og sendir gögn til stjórnborðsins (CS)
- Stjórnborð (CS): Staðsett í lokuðum kassa nálægt vegi, stjórnborðið virkjar hraðahindrunina (RM) sé ökutæki ekið of hratt.
- Hraðahindrun (RM): Loka eða hleri sem hefur verið felld inn í yfirborð vegarins.
- Hugbúnaður, EdavaLive (EL): Hægt er að stjórna stjórnborðinu (CS) úr fjarlægð með hugbúnaðinum, í gegnum internetið.



Kerfið




→ Skynjari, yfirleitt radar, mælir hraða ökutækis

→ Sé ekið of hratt „ræst“ hraðahindrunin


- „loka“ eða „hleri“ fellur niður um nokkra sentímetra í yfirborðið – einungis í þeim tilvikum sem ekið er of hratt

[Myndband](#)

Kerfið





Merkingar



→ Mikilvægt að vara vegfarendur við

→ Hægt að nota hefðbundið merki, A20.21

- Íslenskur texti á undirmerki: „við hraðakstur“



Hefðbundnar yfirborðsmerkingar fyrir hraðahindrun

Hverjir eru helstu kostir gangvirkra hraðahindrana?

→ Aukið umferðaröryggi

- Hraðakstur minnkar
- Svipaður ávinningur í auknu umferðaröryggi og hraðamyndavélar

→ Gott aðgengi fyrir allar gerðir ökutækja

- ... líka stærri gerðir ökutæki

→ Jafnt umferðarflæði

- Ekki þörf á að hægja á / gefa í
- Minni umferðarteppa
- Minni loft- og hljóðmengun
- Betri loftgæði



Hvar eru gagnvirkar hraðahindranir heppilegar?

→ Í þéttbýli þar sem að:

- Gangandi og hjólandi vegfarendur þvera veginn, t.d. við gangbrautir
- Hraði er vandamál
- Umferð stærri ökutækja er

→ Við þjóðvegi sem fara í gegnum þéttbýli?

- Hraði oft hár
- Umferð stærri ökutækja


Staðsetning

→ Ennisbraut í Ólafsvík:

- Þjóðvegur í þéttbýli (rauð lína)
- Skóli, sundlaug og íþróttahús öðrum megin við veginn – handan vegarins er þjónusta
- Börn og aðrir gangandi og hjólandi vegfarendur þvera veginn
- Hraðakstur
- Umferð stærri ökutækja, þungaflutningar



Ennisbraut, Ólafsvík



Ennisbraut, Ólafsvík

Ekið vestur Ennisbraut áður en komið er að sundlaug
– fyrir breytingar



Ekið vestur Ennisbraut áður en komið er að sundlaug
– eftir breytingar

Reynsla

- Fyrsta gagnvirka hraðahindrunin af gerðinni Actibump var sett upp í Linköping í Svíþjóð árið 2010
- Í dag eru meira en 80 „Actibumps“ í umferðinni, víðsvegar um heiminn
- Algengar vangaveltur:
 - Mótorhjól – í dag hafa 200.000.000 ferðir á mótorhjóli verið farnar yfir hraðahindrun sem hefur verið virkjuð – ekki vitað um nein slys
 - Forgangsakstur – hefur ekki reynst vandamál
 - Vetraraðstæður – hraðahindrunin er upphituð og tengd við frárennsliskerfi, kerfið á að virka vel í hálku og snjó og þola hefðbundna vetrarþjónustu

Lokaorð

→ Þakkir:

- Umferðardeild Vegagerðarinnar
- Vestursvæði Vegagerðarinnar og þjónustustöð Vegagerðarinnar í Ólafsvík
- Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar

Takk fyrir